

Fréttabréf Síðuskóla

5. bréf - desember- skólaárið 2021-2022

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Desembermánuður er genginn í garð með allri sinni ljósadýrð og hlýleika. Í dag var jóladagur í skólanum og mikið um að vera á öllum göngum. Litlu jólin verða á sínum stað þann 20. desember. Við eigum eftir að útfæra fyrirkomulag litlu jólanna þar sem við vitum ekki alveg hvernig reglugerð verður í gildi á þegar að þeim kemu. Skólinn hefst svo aftur eftir jólaleyfi þann 4. janúar. Mánudaginn 3. janúar er skipulagsdagur og frístund er lokuð þann dag.



Starfsfólk Síðuskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári um leið og við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða. Það hefur verið mikilvægt að eiga gott samstarf við ykkur öll, þar sem verkefni ársins hafa verið óvenjuleg og krefjandi.

Með hækkandi sól tökumst við á við ný verkefni, leiðarljós okkar er að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Með góðri kveðju!
Ólöf, Malli og Helga

Litlu jólin

Vegna aðstæðna verða litlu jólin með aðeins öðru sniði en vant er. Við vonumst til þess að hægt verði að fá nemendur á sal í minni hópum en skipulagið verður endanlega ákveðið eftir 9. desember en þá verða gefnar út nýjar sóttvarnareglur.

Nemendur mæta í skólann kl. 9.00 og skóla lýkur kl. 10.30. Hver árgangur mun halda litlu jólin í sínum heimastofum. Síðan munu nemendur í leiklistarvali á miðstigi sýna jólaleikrit, sungin verða jólalög og Ólöf skólastjóri verður með jólahugleiðingu.





Bókakynningar

Þann 16. nóvember var Ævar vísindamaður með rafrænan upplestur fyrir 4.-7. bekk. Krakkarnir höfðu virkilega gaman af upplestrinum og fengu í framhaldinu að spyrja spurninga.

Á næstunni verða fleiri rafrænir upplestrar, m.a. frá Þorgrími Þráinssyni og Bjarna Fritzsyni. Í venjulegu árferði hefðum við fengið þessa rithöfunda til okkar en verðum að láta okkur nægja að fá rafrænan upplestur í þetta skiptið.

Líf og fjör á jólabemadegi



Úrslit í hrekkjavökulestri

Þann 1.-19. nóvember var hrekkjavökulestrarátak hér í skólanum. Nemendur töldu mínútur sem þeir lásu í viku hverri, bæði í skólanum og heima.

Úrslit í hrekkjavökulestrarkeppninni voru kynnt þann 26. nóvember. Á yngsta stigi var það 1. bekkur sem vann, á miðstigi var það 5. bekkur og á unglingastigi var það 9. bekkur. Þessir árgangar fengu ísveislu í verðlaun.




Umbun hjá 4. bekk

Krakkarnir í 4. bekk enduðu skemmtilega og fjölbreytta viku á á umbun, mættu því margir skemmtilegir bangsar í skólann í dag og hjálpuðu nemendum með verkefni dagsins.



Skautakennsla í 2. bekk

Nemendum í 2. bekk var boðið að koma í Skautahöllina þar sem þau fengu kennslu á skautum og einnig frjálstan tíma í lokin.



Á döfinni

1. desember

Jólapemadagur

2. desember

Fræðsla í 9. bekk - sjálfsmynd

9. desember

10. bekkur kynning frá MA

Fræðsla í 8. bekk - stafrænt ofbeldi

17. desember

Spurningakeppni unglingastigs

20. desember

Litlu jólin kl. 9-10.30, jólaleyfi hefst





MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Desember 2021

01. des.	miðvikudagur	Fiskur í smurosti
02. des.	fimmtudagur	Hakkbollur og kartöflur
03. des.	föstudagur	Grjónagrautur, slátur
06. des.	mánudagur	Lasagne
07. des.	þriðjudagur	Soðin ýsa, rúgbrauð
08. des.	miðvikudagur	Jólamatur
09. des.	fimmtudagur	Silungur, sætar kartöflur
10. des.	föstudagur	Sveppasúpa, brauð
13. des.	mánudagur	Fiskur í raspi
14. des.	þriðjudagur	Hakk og spaghetti
15. des.	miðvikudagur	Fiskur og karrýsósa
16. des.	fimmtudagur	Mexikókjúklingur
17. des.	föstudagur	Skyr og brauð
20. des.	mánudagur	Litlu jól , plokkfiskur - matur aðeins í frístund
21. des.	þriðjudagur	Kjötfarsbollur - matur aðeins í frístund
22. des.	miðvikudagur	Orly fiskur, franskur - matur aðeins í frístund
23. des.	fimmtudagur	Jólapítsa - matur aðeins í frístund
24. des.	föstudagur	JÓLAFRÍ
27. des.	mánudagur	Kenjar kokksins - matur aðeins í frístund
28. des.	þriðjudagur	Kenjar kokksins - matur aðeins í frístund
29. des.	miðvikudagur	Kenjar kokksins - matur aðeins í frístund
30. des.	fimmtudagur	Kenjar kokksins - matur aðeins í frístund
31. des.	föstudagur	JÓLAFRÍ

- Boðið er upp á frian hafragraut í morgunmat alla skóladaga -

Gjaldskrá fyrir skólafæði má finna með því að smella [hér](#).

Einkunnarorð í desember

Vínátta

Regla mánaðarins er:

„Við hugsum um þá sem eru einir og skiljum engan útundan“.

